

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 2000

14. júlí 2000

369

Nr. 121

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 14. júlí 2000.

Davíð Oddsson.

Kristján A. Stefánsson.

30. júní 2000

Nr. 122

LÖG

um Ríkisútvarpið.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 36. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 hef látið fella saman 1. mgr. 2. gr., III. og IV. kafla og 31. og 32. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, með síðari breytingum, og gef þau út á ný svo breytt:

1. gr.

Ríkisútvarpið annast útvarp í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.

3. gr.

Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.

Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttapjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri. Sérstaklega skal þess gætt að hafa á boðstólum fjölbreytt efni við hæfi barna, jafnt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal flytja efni m.a. á sviði lista og bókmennta, vísinda og sögu auk tónlistar. Það skal veita almenna fræðslu og gera sjálfstæða dagskrárþætti er snerta Ísland eða Íslendinga sérstaklega.